

## Skilablað – Landsréttur, húsgögn

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna aðkomu FSR að búnaðarkaupum fyrir nýja stofnun, Landsrétt í Vesturvör 2 í Kópavogi.

### 1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá Hervöru Þorvaldsdóttur, forseta Landsréttar, til FSR þann 1. júlí 2017.

Verkkaupi var Landsréttur.

Gíslína Guðmundsdóttir var verkefnisstjóri hjá FSR.

### 2 Verklýsing

FSR aðstoðaði Landsrétt við umsjón með búnaðarkaupum vegna þess búnaðar sem nauðsynlegur var til að starfsemi réttarins gæti hafist í húsinu Vesturvör 2 í Kópavogi þar sem hin nýja stofnun hafði fengið húsnæði. Aðstoð FSR fólst fyrst og fremst í að óska eftir skilgreindum búnaði í örútbodum hjá aðilum að viðkomandi rammamningum Ríkiskaupa.

### 3 Verknúmer

Verkbeiðni er dagsett 1. júlí 2017 og verkefnið fékk verknúmerið 606 0001.

### 4 Framvinda

Einar Ólafsson, arkitekt hjá Arkiteo ehf., var ráðinn til verkefnisins, en hans vinna fólst í að velja með verkkaupa og skilgreina allan búnað í húsið, auk þess að hanna, í samráði við bjóðendur, fastar innréttingar, en um var að ræða bæði val á öllum lausum búnaði og fastar innréttingar, meðal annars í dómsalina þrjá. FSR pantaði síðan þann búnað sem arkitektinn ákvað í samráði við verkkaupa. Mikil tímaþröng var á verkefninu, þar sem seint var farið af stað með ákvarðanir varðandi húsnæðið og búnað í húsið, en fóst tímamörk voru á stofnun réttarins, það er um áramótin 2017/2018. Þegar skrifstofustjóri var ráðinn til Landsréttar, Björn L. Bergsson, í október 2017, tók hann fljótlega yfir



Mynd 1. Landsréttur er til húsa í Vesturvör 2 í Kópavogi.

umsjón, það er móttöku á þeim búnaði sem FSR hafði lagt inn pöntun á, greiðslur vegna hans og aðra umsýslu með verkefninu.

### 5 Kostnaður verksins

Heildarkostnaðaráætlun Arkiteo fyrir allan búnað var 54.615.000 kr. með 10% óvissu. FSR er ekki kunnugt um endanlegan heildarkostnað þar sem verkefnið fór frá FSR áður en hann lá ljós fyrir, en stofnunin sjálf tók yfir bókhald, móttöku og greiðslur vegna búnaðarkaupanna.

FSR sá um greiðslur til Arkiteo 1.324.800 kr. og vinna FSR við verkefnið var 1.554.999 kr., kostnaður alls 2.879.799 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Landsréttur tók til starfa á tilsettum tíma, 2. janúar 2018, í húsnæðinu við Vesturvör 2 í Kópavogi með þeim búnaði sem pantaður hafði verið í örútbodum hjá aðilum að viðkomandi rammamningum Ríkiskaupa.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Þegar skrifstofustjóri var ráðinn til Landsréttar, í október 2017, þótti eðlilegt að hann tæki yfir umsýslu og umsjón með þessu verkefni, en allar pantanir höfðu þá farið fram þannig að um var að ræða móttöku á búnaðinum og greiðslur fyrir hann.

### 8 Verklok

Verklok hjá FSR urðu við framangreinda yfirtöku í lok árs 2017.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir, verkefnastjóri